

LAUGARDAGUR 12. JANÚAR 1974



I dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á listaverkum í eigu Reykjavíkurborgar og eru 107 verk á sýningunni eftir 65 listamenn. Reykjavíkurborg hefur á síðustu áratugum eignast mjög gott safn íslenskra listaverka og hefur þeim nú verið safnað saman úr hinum ýmsu stofnunum borgarinnar til sýnis fyrir borgarbúa. Á myndinni sjást nokkur verkanna á sýningunni í Vestursalnum. Ljósmynd Mbl. ÓL.K.M.

Þróunarsýning atvinnuveganna í Laugardalshöll

AD FORGÖNGU Þjóðhátíðarnefndar 1974 hefur verið unnið að undirbúningi mikillar sýningar, sem halda á í Laugardalshöllinni í júlí- og ágústmánuði næstkomandi. Sýning þessi hefur

verið kölluð Þróunarsýning atvinnuveganna, en að henni standa helztu atvinnuvegir landsmanna, landbúnaður, verzlun, sjávarútvegur, iðnaður, en að auki verður sérstaklega fjallað um samgöngur landsmanna og einnig mun Reykjavíkurborg og ríkisvald taka þátt í sýningunni. Hlutverk Þjóðhátíðarnefndar hefur verið að sameina fulltrúa frá öllum þessum aðilum um sýninguna og er nú verið að leggja síðustu hönd á kostnaðaráætlunina og verður þá gengið frá málinu af hálfu nefndarinnar og tekur þá við sérstakt sýningarráð.

Indriði G. Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Þjóðhátíðarnefndar 1974, tjáði Mbl. í gær, að nú um

þessar mundir væri verið að tilnefna menn til þess að vera fulltrúar hinna ýmsu atvinnugreina, Reykjavíkurborgar og ríkisins. Frumteikningar hafa verið gerðar af sýningunni, sem fylla mun alla Laugardalshöllina, svo og svæðið utan hennar. Þegar sýningarráð hefur verið myndað kys þá sér formann og ræður sér framkvæmdastjóra og vinnur síðan úr þeim hugmyndum, sem lagðar hafa verið til grundvallar sýningunni.

Indriði sagði, að sýningin yrði með dálítið sérstöðum svip, þar sem hvorki væri hér um að ræða söluþýningu eða kaupstefnu. Kappkostað yrði að gera sýninguna eins léttu og skemmtilega og frekast væri kostur og einnig yrði reynt að gera hana eins óvanta og kostur væri á. Hugmyndin að uppbyggingu

Framhald á bls. 18

Fiskblokk lækkar í Bandaríkjunum

NÚ HEFUR það komið í ljós, sem margir óttuðust, að fiskblokkinn ætti eftir að lækka á Bandaríkjamarkaði. Allt frá því um áramót hefur blokkinn lækkað, og mest lækkaði hún í fyrradag.

Guðmundur H. Garðarsson, blaðafulltrúi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að steinbítblokkinn hefði lækkað um 3 cent, og karfa- og ufsablokkinn um 2 cent. Sagði hann, að hér væri miðað við verða á ensku pundi, (0.4536 kg.).

— Þessar lækkanir þýða 3—4% lækkuð umræddum tegundum miðað við fyrra verð á Bandaríkjamarkaði. Staða þorsk-

blokkarinnar á markaðinum vestra er óljós þessa dagana, hún hefur að vísu ekki lækkað enn, en allt er í óvissu um hana, sagði Guðmundur.

Þrátt að um skiptaprósenta

SÁTTASEMJARI ríkisins hóf fund með fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna kl. 4 í gær. Matarhlé var gert kl. 7 en fundur hófst aftur kl. 9 og stóð enn þegar Morgunblaðið hafði síðast fréttir af fundinum.

Blaðið náði í gærkvöldi tali af

Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambandsins, og sagði hann, að sér fyndist lítil hreyfing á málunum ennþá. „Við vorum með kröfur um hækkun skiptaprósenta en það atriði hefur ekkert gengið. Hins vegar má segja, að nokkur smærri atriði hafi þokast í áttina,“ sagði Jón.

Sjávarútvegurinn:

Framleiðsluverðmætið nærri 19 milljarðar kr.

LATA mun nærri, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar í sjávarútvegi hafi numið um 18,9 milljörðum króna á sl. ári, samkvæmt upplýsingum Jóns Sigurðssonar, hagrannsóknarstjóra. Þetta eru að vísu áætlunartölur, sem reiknaðar eru með hliðsjón af útflutningsframleiðslunni á síðasta ári allt fram í októbermánuð, og ekki talið að þar skeiki ýkja miklu frá rauntölunni.

Ef lítið er á verðmæti útflutningsframleiðslunnar innan einstakra greina sjávarútvegsins verður niðurstaðan sem næst þessu: Nýr ísaður fiskur, seldur erlendis, mun hafa numið sem næst 1500 milljónum króna; frystar fiskafurðir (þar með talin rækja og humar) mun hafa numið um 9000 milljónum króna; saltfiskur og skreið mun hafa numið

um 3500 milljónum króna; afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja mun hafa numið um 4000 milljónum króna og loks aðrar sjávarafurðir (svo sem hvalur, grásleppuhrogn og niðurlagningarvörur ýmiss konar) munu hafa numið um 900 milljónum króna. Rétt er að taka fram, að í öllum þessum tölum er miðað við fob-verðmæti framleiðslunnar.

Atvinnulausum fjölgaði um 305 í desember

VERULEG aukning hefur orðið á atvinnuleysisráði um land allt í desembermánuði sl. Um áramótin reyndust alls um 790 manns vera á atvinnuleysisráði og er það aukning um 305 frá því mánuðinum á undan. Í kaupstöðum voru 473 skráðir atvinnulausir í lok ársins, 47 í hinum stærri kauptúnum (yfir 1000 íbúar) og 270 í öðrum kauptúnum. Í nóvember voru hins vegar 307 á skrá í kaupstöðum, 46 í stærri kauptúnum og 132 í öðrum kauptúnum.

Í kaupstöðunum voru flestir skráðir atvinnulausir á Siglufirði eða 156 og er það aukning um 97 manns frá því í nóvember. Í Reykjavík voru 86 á skrá eða 31 fleiri en í nóvember, 74 voru á skrá í Keflavík eða 18 fleiri en í mánuðinum á undan, 57 í Hafnarfirði eða 8 fleiri en í nóvember, 36 á Ólafsfirði og 17 fleiri en í nóvember og 32 á Akranesi en þar fækkaði atvinnulausum um 12 frá

því í nóvember. Á Ísafirði, Vestmannaeyjum og Neskaupstað var enginn skráður atvinnulausir í árslok.

Í stærri kauptúnum voru flestir skráðir atvinnulausir á Framhald á bls. 18

Álfadansinn á morgun

NÚ hefur verið ákveðið, að álfadans og brenna, sem frestað var um sl. helgi fari fram á Melavelli á morgun, sunnudag kl. 17. Að álfadansi loknum verður flugeldasýning. Jafnframt hefur verið ákveðið, að börn 13 ára og yngri fái ókeypis aðgang að skemmtuninni.

STÓR-SALA SVAL-BAKS

AKUREYRARTOGARINN Svalbakur seldi 1139 kit eða 72.3 lestar í Grimsby í gær fyrir 29.900 sterlingspund eða tæpar 5.8 milljónir. Meðalverðið var kr. 79.38, sem er næst hæsta meðalverð, sem íslenskt fiskiskip hefur fengið fyrir fisk í erlendri höfn. Aðeins togbáturinn Fylkir NK á herra meðalverð, kr. 84.26, sett 14. desember s.l., en þess ber að gæta, að þegar Fylkir seldi, var gengi pundsins mun hærri, þannig að ef gengið er tekið til hliðsjónar mun meðalverð pr. kíló vera nokkuð svipað hjá Fylki og Svalbaki.

A mánudaginn á Narfi RE 13 að selja í Grimsby og gera menn sér jafnvel vonir um, að meðalverðið verði þá enn hærri, því algjör fiskskortur er nú á brezka markaðnum og mun verða fram í miðja næstu viku. Afli Narfa er áætlaður 115—120 lestar. Skutogarinn Arnar frá Skagaströnd mun svo selja í Grimsby á þriðjudag eða miðvikudag.